

Ed. 1011. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:
Í 11. gr. laganna bætist nýr tölul., er verði 10. tölul., svohljóðandi:
Lán til sveitarfélaga og/eða félagasamtaka til byggingar kaupleiguíbúða.
2. Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:
Á eftir 28. gr. laganna komi ný grein er orðist þannig:
Lán skv. 10. tölul. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum og/eða félagasamtökum til byggingar íbúða með kaupleigufyrirkomulagi.
Heimilt er að kaupa notaðar íbúðir í þessu skyni þar sem það hentar betur.
Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúðum geta verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða.
Lán þessi mega nema allt að 85% byggingarkostnaðar og vera til 40 ára. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr. laganna.
3. Á eftir 3. gr. frv. komi önnur ný grein er orðist þannig:
30. gr. laganna, sbr. l. nr. 54/1986, breytist svo:
Í stað „1.–8. tölul.“ í 1. mgr. komi: 1.–8. og 10. tölul.
Í stað „1.–7. tölul.“ í 4. og 5. mgr. komi: 1.–7. og 10. tölul.
4. Á eftir 3. gr. frv. komi enn ný grein er orðist þannig:
Í 33. gr. laganna bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi:
Kaupleiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og/eða félagasamtökum og ætlaðar eru lágláunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun af félagslegum ástæðum. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúð geta verið launþegafélög, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða. Lánin mega nema allt að 85% byggingarkostnaðar. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 49. gr. laganna.
Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.